



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarnefnda á fyrstu sex mánuðum
áranna 2019 - 2021

Ágúst 2021

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu sex mánuðum áráanna 2019, 2020 og 2021. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast árlega á vefsíðu Barnaverndarstofu.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 um 6,3% miðað við sama tímabil árið á undan, en um 23% ef miðað er við árið 2019. Fjöldi tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 var 6.830 tilkynningar. Tilkynningum fjölgaði á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 á landsbyggðinni sem og í nágrenni Reykjavíkur, sé miðað við sama tímabil árið 2020, en hést svipaður í Reykjavík.

Flestar tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 42,9% tilkynninga. Þetta hlutfall var 43,4% á sama tímabili árið 2020 og 41,5% árið 2019. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 var 27,9%, en 29,4% á sama tímabil árið á undan og 26,3% árið 2019. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 28,4% á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 en árið 2020 var þetta hlutfall 26,1% og 31,4% árið 2019. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Tilkynningum vegna tilfinningalegrar vanrækslu hefur fjölgað á milli ára. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2021 bárust 32,3% fleiri tilkynningar vegna tilfinningalegrar vanrækslu en á sama tímabili ársins 2020.

Á fyrsta helmingi ársins 2021 bárust 489 tilkynningar vegna líkamlegs ofbeldis og eru það 17% fleiri tilkynningar en á sama tímabili ársins 2020 og 46,4% fleiri tilkynningar en bárust á sama tímabili árið 2019.

Þá hefur tilkynningum vegna kynferðislegs ofbeldis fjölgað mikið á milli ára. Á fyrstu 6 mánuðum ársins bárust 390 tilkynningar vegna kynferðislegs ofbeldis, eða yfir 65% fleiri tilkynningar en á sama tímabili áráanna á undan

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 36,8% tilkynninga á fyrstu sex mánuðum ársins 2021, sem er aðeins minna hlutfall en á sama tímabili áráanna á undan. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu hefur farið fjölgandi. Á fyrsta hálfu ári 2021 bárust 1.118 tilkynningar frá skólakerfinu, samanborið við 836 og 858 tilkynningar á sama tímabili árið 2020 og 2019, eða yfir 30% fleiri tilkynningar. Þá bárust 21,5% fleiri tilkynningar frá heilbrigðisþjónustu á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 sé miðað við sama tímabil ársins 2020.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 var 5.478 börn, en árið á undan var þau 5.105 og 4.462 börn árið 2019. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.382	42,9	2.683	41,8	2.621	38,4
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.474	26,5	1.666	25,9	1.897	27,8
Landsbyggð	1.698	30,6	2.074	32,3	2.312	33,8
Samtals	5.554	100	6.423	100	6.830	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.968	53,4	3.605	56,1	3.590	52,6
Stúlkur	2.542	45,8	2.753	42,9	3.183	46,6
Annað ¹	-	-	0	0	2	<0,1
Ekki vitað ²	44	0,8	65	1,0	55	0,8
Samtals	5.554	100	6.423	100	6.830	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.759	39,4	1.963	38,5	2.050	37,4
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.247	27,9	1.370	26,8	1.516	27,7
Landsbyggð	1.456	32,6	1.772	34,7	1.912	34,9
Samtals	4.462	100	5.105	100	5.478	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.414	54,1	2.872	56,3	2.915	42,7
Stúlkur	2.020	45,3	2.191	42,9	2.527	37,0
Annað ¹	-	-	0	0	2	<0,1
Ekki vitað ²	28	0,6	42	0,8	34	0,5
Samtals	4.462	100	5.105	100	5.478	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	3.174	71,1 ¹	3.533	69,2 ¹	3.849	70,3 ¹
<i>Drengir</i>	1.689	53,2	1.900	53,8	1.955	50,9
<i>Stúlkur</i>	1.464	46,1	1.601	45,3	1.869	48,6
<i>Annað eða ekki vitað³</i>	21	0,7	32	0,9	25	0,7
Þar af nýjar kannanir	1.602	35,9 ¹	1.556	30,5 ¹	1.677	30,6 ¹
<i>Drengir</i>	857	53,5	808	51,9	834	49,7
<i>Stúlkur</i>	735	45,9	733	47,1	825	49,2
<i>Annað eða ekki vitað³</i>	10	0,6	15	1,0	18	1,1

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarnefndir flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	2.305	41,5	2.787	43,4	2.927	42,9
Ofbeldi	1.458	26,3	1.888	29,4	1.907	27,9
Áhættuhegðun barna	1.746	31,4	1.675	26,1	1.939	28,4
Vegna ófædds barns	45	0,8	73	1,1	55	0,8
Alls	5.554	100	6.423	100	6.830¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bærust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga, 6.830 tilkynningar.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.


Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunum hér að neðan.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.305		2.787		2.927	
<i>Drengir</i>	1.162	50,4	1.450	52,0	1.508	51,5
<i>Stúlkur</i>	1.143	49,6	1.337	48,0	1.419	48,5
Líkamleg vanræksla	125		118		114	
<i>Drengir</i>	66	52,8	62	52,5	54	47,4
<i>Stúlkur</i>	59	47,2	56	47,5	60	52,6
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.965		2.410		2.522	
<i>Drengir</i>	991	50,4	1.242	51,5	1.328	52,7
<i>Stúlkur</i>	974	49,6	1.168	48,5	1.194	47,3
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	765		1.044		1.009	
<i>Drengir</i>	367	48,0	536	51,3	534	52,9
<i>Stúlkur</i>	398	52,0	508	48,7	475	47,1
Vanræksla varðandi nám	120		159		186	
<i>Drengir</i>	73	60,8	101	63,5	80	43,0
<i>Stúlkur</i>	47	39,2	58	36,5	106	57,0
Tilfinningaleg vanræksla	166		176		233	
<i>Drengir</i>	71	42,8	93	52,8	114	48,9
<i>Stúlkur</i>	95	57,2	83	47,2	119	51,1

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ofbeldi	1.458		1.888		1907	
<i>Drengir</i>	694	47,6	971	51,4	906	47,5
<i>Stúlkur</i>	764	52,4	917	48,6	1001	52,5
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	946		1.268		1096	
<i>Drengir</i>	461	48,7	672	53,0	562	51,3
<i>Stúlkur</i>	485	51,3	596	47,0	534	48,7
þar af heimilisofbeldi	444		570		555	
<i>Drengir</i>	214	48,2	319	56,0	300	54,1
<i>Stúlkur</i>	230	51,8	251	44,0	255	45,9
Líkamlegt ofbeldi	334		418		489	
<i>Drengir</i>	179	53,6	243	58,1	271	55,4
<i>Stúlkur</i>	155	46,4	175	41,9	218	44,6
Kynferðislegt ofbeldi	223		236		390	
<i>Drengir</i>	76	34,1	65	27,5	114	29,2
<i>Stúlkur</i>	147	65,9	171	72,5	276	70,8

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Áhættuhegðun barna	1.746		1.675		1.939	
<i>Drengir</i>	<i>1.113</i>	<i>63,7</i>	<i>1.180</i>	<i>70,4</i>	<i>1.172</i>	<i>60,4</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>633</i>	<i>36,3</i>	<i>495</i>	<i>29,6</i>	<i>767</i>	<i>39,6</i>
Neysla barns á vímuefnum	298		291		301	
<i>Drengir</i>	<i>174</i>	<i>58,4</i>	<i>184</i>	<i>63,2</i>	<i>180</i>	<i>59,8</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>124</i>	<i>41,6</i>	<i>107</i>	<i>36,8</i>	<i>121</i>	<i>40,2</i>
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	648		642		685	
<i>Drengir</i>	<i>354</i>	<i>54,6</i>	<i>397</i>	<i>61,8</i>	<i>301</i>	<i>43,9</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>294</i>	<i>45,4</i>	<i>245</i>	<i>38,2</i>	<i>384</i>	<i>56,1</i>
Afbrot barns	362		311		396	
<i>Drengir</i>	<i>264</i>	<i>72,9</i>	<i>250</i>	<i>80,4</i>	<i>274</i>	<i>69,2</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>98</i>	<i>27,1</i>	<i>61</i>	<i>19,6</i>	<i>122</i>	<i>30,8</i>
Barn beitir ofbeldi	305		345		415	
<i>Drengir</i>	<i>238</i>	<i>78,0</i>	<i>293</i>	<i>84,9</i>	<i>343</i>	<i>82,7</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>67</i>	<i>22,0</i>	<i>52</i>	<i>15,1</i>	<i>72</i>	<i>17,3</i>
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	204		148		190	
<i>Drengir</i>	<i>122</i>	<i>59,8</i>	<i>93</i>	<i>62,8</i>	<i>92</i>	<i>48,4</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>82</i>	<i>40,2</i>	<i>55</i>	<i>37,2</i>	<i>98</i>	<i>51,6</i>

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

Fram til ársins 2021 var tilkynnandi beðinn um að meta hvort hann teldi barn í yfirvofandi hættu. Frá og með 1. janúar 2021 er það hlutverk barnaverndarstarfsmanna að meta hvort þeir telji barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	325	100,0	430	100,0	374	100,0
<i>Drengir</i>	163	50,2	231	53,7	169	45,2
<i>Stúlkur</i>	155	47,7	190	44,2	187	50,0
<i>Ekki vitað¹</i>	7	2,2	9	2,1	18	4,8

¹ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvívýggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvívýggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu sex mánuðir 2019		Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	19	0,3	30	0,5	34	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	272	4,9	312	4,9	342	5,0
Nágrannar	370	6,7	565	8,8	410	6,0
Önnur barnaverndarnefnd	80	1,4	116	1,8	72	1,1
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	156	2,8	153	2,4	187	2,7
Lögregla	2.294	41,3	2.537	39,5	2.512	36,8
Skólaþjónusta	858	15,5	836	13,0	1.118	16,4
Leikskóli/gæsluforeldri	119	2,1	138	2,1	132	1,9
Heilbrigðisþjónusta	563	10,1	624	9,7	758	11,1
Foreldrar barns	390	7,0	459	7,1	512	7,5
Aðrir	433	7,8	653	10,2	753	11,0
Samtals	5.554	100	6.423	100	6830	100,0